

Námskeið fyrir grunnskólakennara, starfsfólk bókasafna og frístundamiðstöðva um land allt

Sögur, verðlaunahátíð barnanna



- Inntak:** Kynning á Söguverkefninu, fyrirlestur, æfingar og umræður. Námskeiðið fjallar um hvernig hægt er að vinna með og virkja börn á aldrinum 6-12 ára til að semja sögur, handrit eða lag og texta.
- Markhópur:** Kennara á grunn- og miðstigi, starfsfólk bókasafna og frístundamiðstöðva um allt land.
- Kennarar:** Gunnar Helgason, rithöfundur og leikari
Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbókasafninu
Blær Guðmundsdóttir, barnabókahöfundur og myndhöfundur
Eva Rún Þorgeirsdóttur, rithöfundur og verkefnastjóri.
- Námskeiðið:** Er tvö skipti og fer fram á netinu.
6. og 8. nóvember og bæði námskeiðin fara fram klukkan 14:30
í 45 mínútur í senn og er þátttakendum að kostnaðarlausu.
- Lýsing:** **6. nóvember:** Gunnar Helgason fjallar um mikilvægi þess að búa til sögur og skapa. Hann kynnir hvernig hægt er að hvetja börnin áfram í að nota og virkja ímyndunaraflíð. Ingibjörg segir frá fyrirkomulagi verkefnisins, þátttökumöguleikum og verðlaunahátíðinni.
- 8. nóvember:** Eva og Blær hafa mikla reynslu á ritmiðjum með börnum. Þær munu miðla úr verkfærakistu sinni góðum ráðum um hvernig hægt er að virkja börn í sagnagerð.
- Markmið:** Að miðla aðferðum og leiðum til að virkja ímyndunarafl barna við að semja sögur. Sýnum börnum hvað getur orðið úr hugmyndum þeirra.
- Skráning:** Hægt er að skrá sig á námskeiðið með því að smella [hér](#). Skráðir fá sendan tengil á námskeiðið í tölvupósti.